



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

## **Hjá vöggunni er altari konunnar.**

*Um dygðir og köllun kvenna í ljósi kvennabaráttu og kristinnar trúar í upphafi 20. aldar.*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Margrét Lilja Vilmundardóttir**

**Janúar 2012**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Guðfræði**

# **Hjá vöggunni er altari konunnar.**

*Um dygðir og köllun kvenna í ljósi kvennabaráttu og  
kristinnar trúar í upphafi 20. aldar.*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Margrét Lilja Vilmundardóttir**

**Kt.: 211085-2239**

**Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir**

**Janúar 2012**

Hér nemum vér þá staðar andspænis hinni helgustu köllun konunnar.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Kristín Ástgeirsdóttir. 2009, s. 248. Vísun í grein eftir Guðrúnu Lárusdóttur sem birtist í *Kvennablaðinu* í aðdraganda kosninganna 1926.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur .....</b>	<b>3</b>
<b>Inngangur.....</b>	<b>4</b>
<b>1. Dygðir og dygðasiðfræði .....</b>	<b>6</b>
1.1. „Dygð er viska!“ .....	6
<b>2. Kvennasiðfræði – umhyggja, fórnfýsi, sjálfsfórn, varnarleysi og kærleiki.....</b>	<b>11</b>
2.1. Umhyggjusiðferði .....	11
2.2. Fórnfýsi, sjálfsfórn og varnarleysi.....	15
2.3. „...en þeirra er kærleikurinn mestur.“ .....	19
<b>3. Köllun kvenna og kvennabarátta.....</b>	<b>21</b>
3.1. Köllun konunnar .....	21
3.2. Konur, jafnrétti og kristin trú.....	25
<b>Lokaorð .....</b>	<b>29</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>31</b>

## Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar er að gera grein fyrir dygðum og köllun kvenna á Íslandi í lok nítjándu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu. Þessi tvö hugtök eru skoðuð í ljósi dygðasiðfræði, kvennabaráttu og kristinnar trúar, með áherslu á baráttu kvenna fyrir auknum réttindum. Hugtakið dygð á sér langa sögu, en sérstakar kvennadygðir voru ekki til umræðu fyrr en á 17. og 18. öld. Helstu dygðir kvenna eru taldar vera umhyggja, fórnfýsi, sjálfsfórn, varnarleysi og kærleikur. Engu að síður telja margir heimspekingar að siðferði sé ekki mögulegt ef fórnfýsi er ekki til staðar.

Köllun kvenna í lífinu hefur markað kvennabaráttuna, ekki síður en dygðirnar. Köllun konunnar var talin innan veggja heimilisins og áttu þær að sinna umönnun heimilisfólks. Þetta var ríkur þáttur í vitund kvenna, sem og samfélagsins alls og hefur áhrif á okkar tímum. Konur áttu erfitt með að brjótast út úr því hlutverki sem þær töldu sig kallaðar til að sinna. Ekki nóg með að þeim fyndist þær ganga gegn náttúrulegum lífsgæmum, heldur var samfélagið ekki tilbúið í þessar breytingar að neinu leyti. Þær konur sem ákváðu að sinna opinberum málum hlutu harða gagnrýni og voru taldar ókvenlegar og hálf ónáttúrulegar. Konur áttu að vera heima og sinna störfum sínum þar, en ekki vera að þvælast á vettvangi karlanna. Samfélagið var haldið þeirri skoðun að alls ekki væri hægt að sinna tveimur verkum, það er konur gátu ekki bæði verið mæður og eiginkonur með öllum þeim skyldum sem því fylgdi og unnið úti á opinberum vettvangi. Þær urðu að minnsta kosti að velja á milli.

## Inngangur

Flestir leitast eftir því að lifa lífinu sem góðar og dygðugar manneskjur. En það getur oft verið erfitt lífsverkefni, oft reynist erfitt að breyta rétt og vel. Er til einhver ein leið til að lifa dygðugu lífi? Líklega ekki, en það eru vissulega til eiginleikar sem teljast betri en aðrir og ef til vill leiðir í lífinu. Eins er farið með köllun fólks. Margir eyða dágóðum tíma í að velta fyrir sér hver köllun þeirra sé í lífinu og hvort þeir eigi yfir höfuð einhverja. Lítil börn eru spurð að því hvað þau vilja verða þegar þau eru orðin stór og eru oft búin að ákveða að verða leikarar, rokkstjörnur eða bílstjórar. Eins koma eiginleikar fólks líka oft til tals, eins og til dæmis að Jón Jónsson sé ósérhlífinn, skemmtilegur og kvensamur og Guðrún Gunnarsdóttir samviskusöm, jákvæð og föst fyrir. Lýsingar sem þessar á eiginleikum fólks eru algengar og teljast sumir eiginleikanna til kosta en aðrir til lasta, en hvort sem er einkennir það manninn. Kostir manna hafa lengi verið til umræðu í fræðaheiminum og flestir hafa eflaust velt fyrir sér hvað telst til dygðugar breytni og hvað ekki.

Eiginleikar kvenna og kannski ekki síður hugmyndin um hverjir eiginleikar kvenna „eiga“ að vera, eru mér hugleiknir í samhengi við kristni og réttindabaráttu kvenna á Íslandi. Markmið ritgerðarinnar er að gera grein fyrir dygðum og köllun kvenna á Íslandi í lok nítjándu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu. Þessi tvö hugtök verða skoðuð í ljósi dygðasiðfræði, kvennabaráttu og kristinnar trúar, með áherslu á baráttu kvenna fyrir auknum réttindum. Hvaða hlutverki gegndu köllun og dygðir kvenna í kvennabaráttunni á Íslandi í upphafi tuttugustu aldar? Hver var köllun kvenna og hvernig tengdist köllun og dygðir kvennabaráttunni? Hvaðan kom hugtakið dygð og hverjar eru svokallaðar kvennadygðir? Eiga allir að búa að sömu dygðum?

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar tek ég fyrir hugtakið dygð. Hvað er dygð og á hverju byggir hugtakið. Hvaða dygðir eru kallaðar kvennadygðir og eru yfir höfuð til sérstakar dygðir kvenna og þá að sama skapi karla? Eru dygðir allra kvenna taldar þær sömu og hvaðan komu hugmyndir manna um dygðir kvenna. Hugtakið á sér langa sögu, en á 5. öld mótast það í þeirri mynd sem tengist siðfræði í dag. Hér er verið að tala um dygð sem þá breytni sem fólk reynir að fara eftir til að vera sem ágætast í öllu því sem það tekur sér fyrir hendur. Til þess að vera dygðug manneskja þarf mikla vinnu og þjálfun. Margir þekktir heimspekingar í gegnum tíðina hafa sett fram sínar kenningar um dygð, en nokkrar þessara kenninga hafa átt mestu fylgi að fagna, og gilda jafnvel enn í dag.

Annar kafli ritgerðarinnar fjallar um kvennasiðfræði og þær dygðir sem sérstaklega hafa verið tengdar konum. Hér ber helst að nefna umhyggju (e. caring) og svo hugtökin

fórnfýsi, sjálfsfórn, varnarleysi og kærleika. Allt þetta hafa talist sérstakir eiginleikar kvenna, sem ég tel engu að síður frekar undarlegt í ljósi þess að margir heimspekingar telja siðferði ekki mögulegt ef fórnfýsi nýtur ekki við.<sup>2</sup> Helstu kenningar varðandi þessar dygðir kvenna verða reifaðar og þeirri spurningu velt upp hvort þetta geti í raun og veru talist sérstakar kvennadygðir?

Þriðji og síðasti kafli ritgerðarinnar fjallar um köllun kvenna og kvennabaráttuna á Íslandi um aldamótin 1900. Hugtakið köllun tengist kenningu siðbótamannsins Marteins Lúthers (1483-1546), en hann skrifaði um köllun kvenna og karla í riti sínu *Um frelsi kristins manns* (1520). Hvað á Lúther við þegar hann talar um köllun? Eru konur kallaðar til sérstakra verka og þá að sama skapi karlar? Hvaða augum var köllun kvenna litin innan hinnar lúthersku kirkju á Íslandi og er köllunin sem hugtak enn gild innan samfélagsins? Kvennabarátta á Íslandi í kringum aldamótin 1900 tengist kenningunni um köllun kvenna að því leitinu að konur innan lúthersku kirkjunnar töldu sig vera kallaðar til verka, sem voru ekki endilega tengdar draumum þeirra og þrám. Hvernig tengist þetta baráttu kvenna fyrir auknum réttindum og hvernig hafði köllun kvenna áhrif á kvennabaráttuna?

---

<sup>2</sup> Hoagland, Sara Lucia. 1988, s. 69.

## 1. Dygðir og dygðasiðfræði

Í bókinni *Introduction to Virtue Ethics; Insights of the Ancient Greeks*, fjallar Raymond J. Devettere um hugtakið dygð (e. virtue). Hugtakið er síður en svo nýtt af nálinni og hafa fræðimenn velt hugtakinu fyrir sér í árþúsundir. Mikið hefur verið fjallað um dygð og þó nokkrar kenningar hafa komið fram og ekki eru alltaf allir sammála um hvað teljist til dygða. Hugtakið þýðir ágæti á grískri tungu og hefur fengið ýmsa merkingu í gegnum tíðina, sem eru alls ekki allar tengdar því sem við myndum setja undir hatt siðfræði eða siðferðis nú til dags. Það var ekki fyrr en á fimmtu öld sem hugtakið fær á sig þá mynd sem við könnumst við í dag. Hér er átt við þá merkingu að dygð sé sú breytni sem fólk reynir að fara eftir til að vera sem ágætast í því sem það tekur sér fyrir hendur. Á fimmtu öld tengdist það helst því að verða góður borgari og öðlast sem mesta virðingu í hinu opinbera lífi og þá helst innan stjórn mála eða dómskerfisins.<sup>3</sup>

Í Aþenu voru það sófistar sem voru fremstir í flokki hvað varðaði dygðir, en þeir héldu því fram að þeir gætu kennt þær dygðir sem til þyrfti til að verða sem bestur borgari og góður stjórnmalamaður eða dómari. Kennsla sófistanna í dygðum varð umdeild með tímanum, meðal annar vegna þess hversu góðir sófistarnir voru orðnir í því að fá fólk á sitt band. Sú umræða sem skapaðist í kjölfarið varð til þess að mikið var fjallað um ágæti og dygðir meðal Aþeninga. Sókrates er einnig einn þeirra sem fjallaði um dygðir og er til ágætt magn heimilda um hugmyndir hans og rökræður. Einna þekktust heimildanna er ræða Prótagórasar um hvort hægt sé að kenna dygðir, hvort dygðirnar séu margar og hvort hægt sé að vera búinn einni dygð af mörgum eða einungis öllum.<sup>4</sup>

### 1.1. „Dygð er viska!“<sup>5</sup>

Á fimmtu öldinni töldu helstu heimspekingar Aþenu að megineinkenni dygðugs fólks væru sex. Hver og einn heimspekingur bætti svo við sínum hugmyndum, en þær hugmyndir sem áttu mest upp á pallborðið voru að dygð væri eitthvað sem vakti aðdáun, að dygð snérist fyrst og fremst um verknað eða gjörðir, að dygð færi eftir samfélagslegu hlutverki, að dygðir væru ekki tengdar, það er að hægt væri að búa að einni dygð en ekki endilega fleirum, að dygð gæti gengið gegn persónulegum hagsmunum, eða því sem væri best fyrir mann og viska væri aðeins ein af mörgum dygðum.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 60.

<sup>4</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 61.

<sup>5</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 79.

<sup>6</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 63.



Af þessum hugmyndum var aðeins sú fyrsta, það er að dygð væri aðdáunarverð, sem hélst óbreytt hjá heimspekingunum. Þeir töldu að dygð væri ekki fyrst og fremst verknaður heldur sálfræðilegt ástand, það er dygðir okkar sýndu hvaða mann við hefðum að geyma frekar en að gjörðir okkar sýndu manns innri mann. Einnig héldu þeir því fram að dygðir færu ekki fyrst og fremst eftir samfélagslegu hlutverki okkar, heldur mennsku, því sem Grikkir kölluðu sál. Það sem gerir manninn góðan og dygðugan eru að þeirra mati þær dygðir sem skipta alla máli sama úr hvaða stétt eða samfélagi þeir eru. Það þarf ekkert að vera að prestur sé dygðugri en dósasafnarinn, þó svo hann sé eflaust hærra settur í samfélaginu. Heimspekingarnir töldu að dygðirnar væru tengdar, það er ef þú byggir að einni dygð þá hefðirðu þær allar. Að þeirra mati gátu dygðir aldrei strítt gegn eigin hagsmunum, en þessu eru nútíma heimspekingar ekki sammála. Síðast en ekki síst er kenningin um að viskan væri í raun hin eina sanna dygð sem allar aðrar dygðir byggðu á. Sókrates og stóuspekingarnir töldu að viskan væri í raun og veru eina dygðin, en Platón og Aristóteles töldu aðrar dygðir byggja á viskunni.<sup>7</sup>

Auk þess að breyta þessum fyrstu kenningum um dygð bættu heimspekingarnir við frelsinu, sem mikilvægri dygð. Hér áttu þeir við að aðeins með frelsinu hefði maðurinn val til að breyta á dygðugan hátt. Maðurinn er endalaust að taka ákvarðanir um gjörðir og breytni og með frelsinu getur maðurinn breytt rétt. Hins vegar þýðir þetta ekki að frelsið geri manninn dygðugan. Frelsið gefur manninum tækifæri á að breyta rétt, en vissulega líka frelsi til að breyta á rangan veg.<sup>8</sup>

Heimspekingar nú til dags hafa töluvert frábrugðnar hugmyndir þeim er gömlu grísku heimspekingarnir höfðu. Kenningar stóuspekinganna hafa þó haft mikil áhrif allt til dagsins í dag, þar með talið innan kristinnar siðfræði. Einn þeirra heimspekinga sem hefur haft mikil áhrif innan grískrar dygðasiðfræði er Aristóteles. Hann gerði greinarmun á því sem kallast siðferðilegar dygðir (e. character virtue) og vitsmunalegar dygðir (e. intellectual ethics). Siðferðilegar dygðir eru þá það ástand sem skapast með tímanum í „sál“ okkar með því að endurtaka í sífellu ákveðnar réttar gjörðir. Aristóteles nefndi í þessu samhengi margar siðferðilegar dygðir, en þær sem gegna stærstu hlutverki innan grískrar dygðasiðfræði eru hófsemi (temperance), hugrekki (courage), réttlæti (justice) og viska (e. wisdom). Hér er þá átt við ástand en ekki einstakar gjörðir sem falla innan ákveðins ramma. Til þess að teljast dygðug breytni þarf ástandið í fyrsta lagi að vera komið frá einu af fjórum eftirtalinna hugtaka, það er visku, réttlæti, hugrekki eða hófsemi. Í öðru lagi þarf ástandið að vera

<sup>7</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 63-65.

<sup>8</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 65.

réttlætlanlegt í kringumstæðunum og í þriðja lagi þarf ástandið að eiga sér stað í réttum aðstæðum. Aristóteles talaði um annan flokk dygða innan siðfræðinnar, vitsmunalegar dygðir, en þessi flokkur hefur verið vanræktur innan nútíma dygðasiðfræði. Samkvæmt Aristóteles voru aðal vitsmunadygðirnar skilningur (e. understanding), vísindi (e. science), heimspeki (e. philosophy), leikni (e. skill) og það sem á ensku kallast prudence eða hyggni, en það er getan til að greina á milli réttrar og rangrar breytni. Flestir grísku heimspekinganna tóku þessa flokkun í siðferðilegar- og vitsmunalegar dygðir ekki eins hátíðlega og töluðu frekar um nokkrar megin dygðir. Sá listi yfir dygðir sem er einna þekktastur kemur frá Platóni, en hann samanstendur af visku (e. wisdom), réttlæti (e. justice), hugrekki (e. fortitude) og hófsemi (e. temperance). Þessar fjórar höfuðdygðir Platóns rötuðu síðar meðal annars inn í kristna siðfræði.<sup>9</sup> Við þetta bætast hinar kristnu dygðir, trú, von og kærleikur.

Siðferðilegar dygðir geta verið annað hvort náttúrulegar siðferðilegar dygðir (e. natural character virtue) eða lærðar siðferðilegar dygðir (e. authentic character virtue). Náttúrulegu dygðirnar geta verið mótaðar af því umhverfi sem við ölumst upp í eða eiginleikum sem búa í persónu okkar, en lærðu siðferðilegu dygðirnar eru þær dygðir sem við ákveðum að tileinka okkur eða lifa eftir. Það eru þær sem gera lífið gott í raun og veru. Aristóteles gerði greinarmun á góðum hlutum og lærðum dygðum. Hann útskýrði það með þeim orðum að allar lærðar dygðir væru góðar en ekki allt gott væri lærð dygð. Það að vera góð manneskja er ekki endilega eitthvað sem hægt er að læra. Sem dæmi má nefna þá er heilsa góð en getur samt ekki talist lærð dygð. Það sama er hægt að segja um heiður, virðingu, ánægju og það sem flokkast undir náttúrulegar dygðir. Það er til að mynda hægt að misnota náttúrulegt hugrekki til vondra verka og af þessum sökum teljast náttúrulegu dygðirnar ekki til lærðra dygða.<sup>10</sup>

Þær dygðir sem teljast til lærðra dygða getur maðurinn tileinkað sér með mikilli vinnu og tíma. Það þarf að vinna að því að hlúa að lærðum dygðum og það er ekki hægt að kenna þær. Við þroskum með okkur lærðar siðferðilegar dygðir með því að taka réttar ákvarðanir aftur og aftur og það krefst æfinga. Þær dygðir sem maður tileinkar sér taka bæði á einstaklingnum og samfélaginu í kring.

Mikilvægt er að huga að því að þó svo siðferðilegar dygðir séu hugarástand þá er þetta ekki hlutlaust ástand, heldur ástand sem hefur að gera með tilfinningar og gjörðir einstaklingsins. Einnig ber að hafa í huga að dygðirnar þarfnast leiðbeininga og þar kemur hygginn til sögunnar. Það þarf alltaf að hafa markmið dygðanna í huga til að fara ekki út af sporinu. Við þurfum alltaf að hugsa hvort við séum að gera hið rétta, hvort við séum að breyta

<sup>9</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 66-67.

<sup>10</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 70-71.

rétt gagnvart því fólki sem við eigum að vera að breyta rétt gagnvart, af réttri ástæðu og á réttan hátt. Lærðar siðferðilegar dygðir eru þær dygðir sem eru réttar þá stundina í ákveðnum kringumstæðum en þarfnast alltaf mats, það er að við hugsum hvort það sem við gerum sé í raun og veru það rétta.<sup>11</sup>

Ekki er unnt að telja upp alla þá þætti sem gætu talist til lærðra siðferðisdygða. Það er engin tala yfir dygðirnar innan gömlu kenninganna. Þær dygðir sem mesta athygli hafa fengið eru hófsemi (e. temperance), hugrekki (e. fortitude), réttlæti (e. justice), samúð (e. piety), ást (e. love) og vinátta (e. friendship). Raymond J. Devettere bendir á í bók sinni *Introduction to Virtue Ethics* að:

Once we understand that the authentic character virtues are character states generated by repeated intelligent choices in any domain of our lives that we care to distinguish from other domains, we can see how any list of moral virtues is open-ended and variable.<sup>12</sup>

Raymond bendir einnig á að það væri ekki úr vegi fyrir dygðasiðfræðinga í dag að endurskoða hvað teljist til dygða og jafnvel bæta við dygðum eins og umhyggju, þolinmæði, fyrirgefningu og svo mætti lengi telja.<sup>13</sup> Þessi athugasemd er athyglisverð í sambandi við það sem nú kallast kvennasiðfræði eða umhyggjusiðfræði, en við munum fjalla betur um þessi hugtök seinna í kaflanum í tengslum við dygðir kvenna.

Töluverð umræða hefur verið um hvort tala eigi um dygð eða dygðir. Það sem er átt við með þessu er að grísku heimspekingarnir eyddu töluverðum tíma í það að rökræða hvort dygð væri ein heild, það er ef þú værir gæddur einni þá værir þú gæddur öllum, eða hvort hægt væri að vera gæddur einni dygð en ekki annarri. Í dag er sú skoðun almenn að dygðirnar séu ekki endilega tengdar. Það er vel hægt að sjá fyrir sér óheiðarlegan og ókurteisan viðskiptamann, sem er á sama tíma mikill fjölskyldumaður og góður vinur vina sinna. Þetta gátu grísku heimspekingarnir ekki hugsað sér. Fyrir þeim snérist dygðasiðfræðin um það að lifa hinu góða lífi sem aðeins væri hægt ef dygðirnar væru tengdar.<sup>14</sup>

Á tímum grísku heimspekinganna voru fjórar megin hugmyndir um dygðirnar sem heild. Fyrsta kenningin segir að dygðin sé aðeins ein, allar „aðrar“ dygðir séu hluti af hinni einu sönnu dygð. Ást, réttlæti, hugrekki og svo framvegis væru allt nöfn á sama hlutnum, sem einu nafni væri kallað viska (e. wisdom). Helstu heimspekingar þessarar kenningar voru Sókrates og Zeno, upphafsmaður stóustefnunnar. Einhverjir kannast eflaust við spakmæli

<sup>11</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 71-74.

<sup>12</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 75.

<sup>13</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 75.

<sup>14</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 78.

Sókratesar: „dygð er þekking“, en Raymond bendir á að kannski væri enn betra að koma hugsun hans í orð með því að segja: „dygð er viska“, þá er viska þekkingin á því hvað er rétt breytni og hvað er röng breytni og eina dygðin sem skiptir máli, allar hinar fylgja þá í kjölfarið. Viskan er þá yfirheiti fyrir alla rétta breytni.<sup>15</sup>

Önnur kenningin fjallar um að dygð sé einn raunveruleiki með mörgum ólíkum birtingarmyndum. Kenningin var sett fram af stóuspekingnum Chrysippusi sem taldi að: „dygðin væri einn raunveruleiki – viska – en hún er orsök ólíkra dygða.“<sup>16</sup> Þriðja sjónarhornið, sem sett var fram af Platóni, tengdist því að dygð væri samansett af einstökum dygðum sem væru sameinaðar af réttlæti. Hann taldi að ólíkir hlutar sálarinnar gerðu okkur kleift að tala um ólíkar dygðir. Dygðirnar væru margar en hver og ein tengdist og saman mynduðu þær virka heild með réttlætið í fararbroddi.<sup>17</sup> Aristóteles talaði um hið sama og Platón nema í staðinn fyrir að réttlætið væri í fararbroddi þá var hygginn fremst í flokki, það er getan til að greina á milli réttrar og rangrar breytni.<sup>18</sup>

Dygðir á tímum grísku heimspekinganna eru eflaust flestar taldar til dygða enn þann dag í dag. Enda snýst dygðasiðfræðin um rétta breytni og þá getu til að geta greint rétt frá röngu og breyta eftir því með frjálsum hætti. Breyttir tímar þarfnast breyttra áherslna og hefur því skapast umræða um fleiri dygðir en þær sem taldar voru upp af gömlu heimspekingunum. Ein þeirra dygða sem umræða hefur skapast um er umhyggja (e. caring). Af einhverjum orsökum hefur sú dygð verið talin til sérstakrar kvenndygðar. Er til eitthvað sem telst til sérstakra kvenndygðar? Er þá líka til eitthvað sem eru sérstakar karladygðir? Eru dygðir ekki þær sömu fyrir alla men

---

<sup>15</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 79.

<sup>16</sup> Lauslega þýtt frá Devettere, Raymond J. 2002, s. 80. „Virtue is one reality – wisdom – but gives rise to different virtuous qualities.“

<sup>17</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 81.

<sup>18</sup> Devettere, Raymond J. 2002, s. 81-82.

## 2. Kvennasiðfræði – umhyggja, fórnfýsi, sjálfsofór, varnarleysi og kærleiki.

Það er ekki að undra að hugtök eins og kvennasiðfræði vekji upp spurningar eins og hvort það sé í raun og veru til eitthvað sem kalla má sérstaka siðfræði kvenna, og þá líka sérstaka siðfræði karla. Svo virðist vera, en einstaka dygðir eru sérstaklega taldar til kvennadygða eða karladygða. Í eftirfarandi kafla mun ég ræða um nokkrar hugmyndir sem settar hafa verið fram um kvennadygðir. Umhyggja (e. caring) er ein þeirra dygða, sem sérstaklega hefur verið tengd konum. Umhyggjan hlýtur að vera jafn mikilvæg körlum og konum, en af einhverri ástæðu lítur út fyrir að konur séu betri í að sýna umhyggju fyrir öðrum en karlar. Þessu til útskýringar hefur meðal annars verið bent á að konur og karlar fái ólíkt uppeldi og samsami sig á ólíkan hátt móðurinni, sem oftast en ekki hefur veitt þeim mesta umhyggju á fyrstu bernskuárum.

Fórnfýsi (e. altruism), sjálfsofór (e. self-sacrifice) og varnarleysi/umkomuleysi (e. vulnerability) eru einnig hugtök, sem sérstaklega hafa verið tengd konum. Fórnfýsi er andstæða við hugtakið sjálfelska. Með hugtakinu fórnfýsi er átt við að láta velferð annarra ganga fyrir eigin velferð. Margir heimspekingar telja fórnfýsina mjög mikilvæga og segja að ef mennirnir séu ekki fórnfúsir þá sé siðferði ekki möguleiki. Fórnfýsi hefur verið talin sérstök kvennadygð, þar sem konur hafa fórnað sér meðal annars fyrir fjölskylduna í gegnum tíðina.

Kærleikurinn (e. agape) er svo enn eitt hugtakið sem sértaklega hefur verið tengt konum og siðfræði þeirra. Kærleikur af þessu tagi tengist sjálfsofórninni og er fyrirmyndin Kristur á krossinum. Um leið tengist hugtakið einnig konunni þar sem sjálfsofór er talin til kvennadygða. Af hverju teljast þessar dygðir eða þessir eiginleikar sérstaklega til kvennadygða?

### 2.1. Umhyggjusiðferði

Nel Noddings, prófessor í menntaheimspeki, hefur skrifað margar bækur og greinar þar sem hún fjallar um umhyggju sem grundvallarforsendu mannlífsins.<sup>19</sup> Í bók sinni *Caring*, fjallar Noddings um ethics of caring, sem ég kys að þýða sem umhyggjusiðferði<sup>20</sup>, og talar um það sem kvennasiðfræði. Hún spyr sig að því hvort umhyggja sé náttúruleg eða siðferðileg. Noddings segir í þessu samhengi:

<sup>19</sup> Þórdís Þórðardóttir. 2011. Sótt 2. janúar 2012 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=58524>

<sup>20</sup> Í ritgerðinni mun ég framvegis þýða orðið caring sem umhyggja og ethic of caring sem umhyggjusiðferði.

Recognizing that ethical caring requires an effort that is not needed in natural caring does not commit us to a position that elevates ethical caring over natural caring. Kant has identified the ethical with that which is done out of duty and not out of love, and that distinction in itself seems right. But an ethic built on caring strives to maintain the caring attitude and is thus dependent upon, and not superior to, natural caring.<sup>21</sup>

Umhyggjusiðferði er ekki það sama og náttúruleg umhyggja, engu að síður er það ekkert betra en náttúruleg umhyggja. Umhyggjusiðferðið byggir á hinni náttúrulegu umhyggju.

Noddings bendir á að oft sýnum við umhyggju án þess að velta því neitt nánar fyrir okkur, í þeim aðstæðum þörfnumst við ekki sérstaks umhyggjusiðferðis, þar er náttúrulega umhyggjan að verki. Hún segir að nánustu stundir fólks eigi sér stað vegna náttúrulegrar umhyggju: „The most intimate situations of caring are, thus, natural.“<sup>22</sup>. Sem dæmi má nefna huggar foreldri grátandi barn sitt eflaust í flestum tilfellum af náttúrulegri umhyggju. Hins vegar getur líka verið „krafa“ á okkur að sýna umhyggju. Í ákveðnum aðstæðum getur fólk fengið tilfinninguna „ég verð að gera eitthvað“ og sinna þar með þörfinni sem er fyrir umhyggju. Noddings tekur þó fram að ekki sé hægt að krefjast þess að fólk sýni umhyggju alltaf og í öllum aðstæðum þar sem umhyggju gæti verið þörf. Mörkin á milli náttúrulegrar umhyggju og umhyggjusiðferðis eru oft óljós og við getum ekki alltaf vitað með vissu hvort umhyggjan sem við sýnum stafi af náttúrulegum orsökum eða siðferðilegum.<sup>23</sup>

Umhyggja fyrir náunganum er mikilvægur þáttur í kristinni siðfræði og náungakærleikurinn er eitt mikilvægasta boð *Nýja testamentisins*. Okkur ber að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. En er umhyggjan ekki jafn mikilvæg konum og körlum? Er einhver ástæða til að tala um umhyggju sem sérstaka kvennadygd eða kvennasiðfræði? Ég tel svo ekki vera og ætla að halda því fram að flestir séu þeirrar skoðunar að umhyggja sé öllum jafn mikilvæg, bæði hvað varðar að sýna öðrum umhyggju og njóta umhyggju annarra. Þetta hlýtur að vera sammannlegur þáttur. Engu að síður virðist sem svo að konur sinni meira umhyggju í leik og starfi. Einhverjar ástæður hljóta að liggja þar að baki.

Noddings talar um að umhyggjusiðferði sé oft kallað kvennasiðfræði og geti litið hálf illa út í samanburði við karllæga siðfræði um alheims ást eða alheims réttlæti. Hún segir:

Our ethic of caring – which we might have called a “feminine ethic” – begins to look a bit mean in contrast to the masculine ethics of universal love or universal justice. But universal love is

<sup>21</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 80.

<sup>22</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 83.

<sup>23</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 81-84.

illusion. Under the illusion, some young people retreat to the church to worship that which they cannot actualize; some write lovely poetry extolling universal love; and some, in terrible disillusion, kill to establish the very principles which should have entreated them not to kill. Thus are lost both principles and persons.<sup>24</sup>

Við getum ekki sýnt öllum sömu umhyggju. Við getum reynt að sýna umhyggju í öllum okkar gjörðum, en engu að síður verður það alltaf svo að umhyggjan beinist frekar að okkar nánasta hring og þeim sem við erum í beinum samskiptum við, þó svo við séum aldrei frjáls frá því að sýna umhyggju. Líklega er það samt svo að mestöll orka okkar fer í að sinna okkar nánasta umhverfi, hvað varðar að sýna umhyggju og njóta hennar. Noddings tekur gott dæmi um hversu stóran þátt tengslin eiga í umhyggju okkar:

Our obligation is limited and delimited by relation. We are never free, in the human domain, to abandon our preparedness to care; but, practically, if we are meeting those in our inner circles adequately as ones-caring and receiving those linked to our inner circles by formal chains of relation, we shall limit the calls upon our obligation quite naturally. We are not obliged to summon the ‘‘I must’’ if there is no possibility of completion in the other. I am not obliged to care for starving children in Africa, because there is no way for this caring to be completed in the other unless I abandon the caring to which I am obligated. I may still choose to do something in the direction of caring, but I am not obliged to do so.<sup>25</sup>

Þrátt fyrir að tengslin spili alltaf stóran þátt í umhyggjunni þá er siðferðilega rétt að koma eins fram við alla. Svarið virðist alltaf liggja í náungakærleikanum. Við eigum að koma fram við alla með umhyggju nema okkur eða öðrum stafi beinlínis ógn af því.<sup>26</sup>

Öfugt við náttúrulegu umhyggjuna þá byggist siðferðilega umhyggjan á mótun eða þróun á hinu fullkomna sjálfri, að verða eins góður, og dygðugur, og hugsast getur. Að þessu leyti hlýtur umhyggja að vera dygð. Noddings telur umhyggju þó ekki til dygða í sjálfu sér.<sup>27</sup> Ég er ekki sammála þessu. Náttúruleg umhyggja er vissulega ekki dygð, þar sem dygð telst vera einhver ákvörðun, sem tekin er af frjálsum vilja og leiðir til rétrar breytni eða góðra hluta. Siðferðileg umhyggja hlýtur að vera dygð þar sem við höfum valið að „nota“ umhyggjuna eða ekki. Eins og áður sagði er stundum „krafa“ um umhyggju og við höfum frjálst val um hvernig við bregðumst við þeirri kröfu.

Skrif Noddings um konur og siðferði finnst mér afar áhugaverð. Meðal annars talar Noddings um að þegar rökræða á siðferðileg vandamál þá kjósi meirihluti kvenna að gera það

---

<sup>24</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 90.

<sup>25</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 86.

<sup>26</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 93.

<sup>27</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 96.

í ljósi raunhæfra aðstæðna. Konur nálgast vandamálin síður sem vitsmunaleg vandamál, sem leyst verði með óhlutbundnum rökstuðningi, eins og karlar virðast frekar gera. Þær nálgast vandamálin sem raunveruleg og mannleg, eitthvað sem einungis verði leyst með því að lifa og hrærast í því. Kvenlæg nálgun er því grundvölluð með umhyggju. Konur biðja venjulega um ítarlegri upplýsingar en karlar þegar leysa á siðferðileg vandamál. Noddings telur að þetta stafi af því að konur séu að reyna að fá eins skýra mynd og mögulegt er.<sup>28</sup>

En af hverju ætli þessi mismunandi hegðun kynjanna stafi? Ég tel að það gæti verið vegna hinna hefðbundnu kynjahlutverka sem hafa tíðkast í samfélaginu. Það er konan sem hefur séð um heimilið og fjölskylduna – af umhyggju. Það er allavega ætlast til þess að konan sinni störfum sínum af umhyggju, hvort sem það er af náttúrulegri umhyggju eða siðferðilegri. Karlinn hefur hins vegar meira sinnt ytra lífinu, verið úti á vinnumarkaðnum þar sem minni umhyggju er ef til vill þörf. Konan hefur verið í umönnuninni, innra lífinu. Noddings vitnar í Carol Gilligan í þessu samhengi:

...women not only define themselves in a context of human relationship but also judge themselves in terms of their ability to care. Woman's place in man's life cycle has been that of nurturer, caretaker, and helpmate, the weaver of those networks of relationships on which she in turn relies.<sup>29</sup>

Það er konan sem hugsar um fjölskylduna, sýnir umhyggju, nærir, hugsar um og hjálpar. Staður hennar hefur svo lengi verið innan veggja heimilisins og hún skilgreinir sig út frá því hvernig henni tekst að næra umhverfi sitt með umhyggju.

Noddings bendir á að þegar kona gefur skýringar á gjörðum sínum eru ástæðurnar oftast tengdar einhverju óhlutbundnu, það er tilfinningum, þörfum, aðstæðum og persónulegum upplifunum fremur en hlutbundnum skýringum, líkt og karlinn er líklegri til að beita á gjörðir sínar. Hafa verður í huga að þegar Noddings talar um umhyggjusiðferði sem kvennasiðfræði, þá er hún ekki að alhæfa að þetta eigi við um allar konur eða þá að hún sé að útiloka karlana frá þessari kenningu. Hún telur þó að konur séu á einhvern hátt betur undir það búnar að sýna umhyggju en karlar. Þetta útskýrir hún með sambandinu milli móður og barns og bendir á að stúlkubarn geti alltaf samsamað sig þeim sem hefur sýnt sér hvað mesta umhyggju, það er móður sinni. Þessu er öðruvísi farið með stráka, þar sem þeir geta ekki alveg samsamað sig móðurinni og þurfa því að reyna að samsama sig föðurnum, sem hefur oft

---

<sup>28</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 95-96.

<sup>29</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 96. Tilvitnun í Carol Gilligan.



verið fjarverandi, hvað varðar umhyggjuna.<sup>30</sup> Eins viss og ég er um að þetta eigi ekki fullkomlega við í dag þar sem faðirinn kemur alltaf meira og meira að uppeldi barns, þá hefur þetta eflaust átt við í byrjun tuttugustu aldarinnar, þegar kvennabaráttan var að hefjast á Íslandi og lengur. Á þeim tíma sinntu konur heimilinu og fjölskyldunni og karlarnir unnu úti. Það þótti hefðbundin verkaskipting. Feður voru fjarverandi í uppeldi og umönnun barnanna að miklu leyti og því er líklegt að drengir hafi átt erfiðara með að samsama sig með hinni umhyggjusömu móður en stúlkurnar.

Við höfum oft rómantíska hugmynd um umhyggju telur Noddings, en hún segir að umhyggjusiðferði sé í raun mjög hagkvæmt. Umhyggjan er samband og siðferðið er byggt á náttúrulegri umhyggju fyrir náunganum.<sup>31</sup> Ég fæ á tilfinninguna þegar rætt er um konur og umhyggjusiðferði og jafnvel konur og ummönnun að þetta tengist oftast sjálfsfórn. Það er að konan þurfi og neyðist til að fórna sjálfri sér fyrir eiginmann og börn. Það er alls ekki það sem umhyggjusiðferðið á að snúast um. Það krefst ekki sjálfsfórnar, þar sem umhyggjusiðferðið er samband og umhyggjan verkar í báðar áttir og snýst um að gefa og þiggja. Það er ekki samasemmerki á milli þess að bera hag einhvers fyrir brjósti og að þurfa að fórna sér. Ekki í dag. En margt hefur breyst síðan á tuttugustu öld. Krafan var önnur á konuna.<sup>32</sup>

Þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst náttúruleg umhyggja um náungakærleikann og það er þá á sama tíma grunnurinn að umhyggjusiðferðinu. Ef við gætum öll búist við því að allir kæmu fram við okkur af umhyggju og nákvæmlega eins og þeir vildu að við kæmum fram við þá, væri allt í góðu lagi og þessarar umræðu væri ekki þörf. Svo einfalt er það bara ekki.

## 2.2. Fórnfýsi, sjálfsfórn og varnarleysi.

Umhyggjan og umhyggjusiðferðið er ekki það eina sem hefur verið sett í flokk sérstakrar kvennasiðfræði. Í bókinni *Lesbian Ethics - Toward New Value*, fjallar Sarah Lucia Hoagland um fleiri kvennadygðir og nefnir hún þar sérstaklega hugtökin altruism, self-sacrifice og vulnerability, sem ég þýði með orðunum fórnfýsi, sjálfsfórn og varnarleysi. Með hugtakinu fórnfýsi er átt við þegar einhver velur að setja velferð annarra frammar sinni eigin velferð. Hugtakið er í andstöðu við hugtakið sjálfselska. Hoagland bendir á að margir heimspekingar telji að ef mennirnir séu ekki fórnfúsir þá sé siðferði ekki möguleiki.<sup>33</sup>

---

<sup>30</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 96-97.

<sup>31</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 99.

<sup>32</sup> Noddings, Nel. 1984, s. 99.

<sup>33</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 69.

En af hverju er fórnfýsi talin sérstök kvennadygð? Er þessi dygð ekki alveg jafn mikilvæg fyrir karla? Ég tel að enn og aftur sé það hefðin sem leikur hér stærsta hlutverkið. Ég hugsa að flestir séu sammála um mikilvægi fórnfýsi og sjálfsfórnar líkt og Hoagland bendir á, en einhvernvegin hefur mikilvægi þess frekar lent á konunni. Hoagland útskýrir þetta með því að það sé ætlast til þess af þeim sem hafi minni völd að vera fórnfúsir og tilbúnir að fórna sjálfum sér fyrir „mikilvægari“ málstað. Hvað þetta varðar er fórnfýsi og sjálfsfórn kvennadygðir, þar sem karlarnir hafa verið valdameiri. Í kringum aldamótin 1900 voru konur valdalausar að mestu leyti, nema þá kannski inni á heimilinu, þó svo að vissulega hafi húsbóndinn einnig oft haft síðasta orðið þar. Hoagland segir að kvenleiki sé hugtak sem láti undirgefni konunnar líta út sem náttúrulega og eðlilega og á þann hátt viðhaldi „kvennadygðirnar“ þessu sambandi valds og undirgefni.<sup>34</sup>

Konur hafa þó lært að nýta sér „kvennadygðirnar“ og samband valdsins og undirgefnnar sér til framdráttar, bætir Hoagland við:

...within a relationship of dominance and subordination, the power of control can be exercised both from a position of dominance and from a position of subordination. Within a limited range of activity, considerable manipulative power can be exercised from the feminine position. Because of male domination, over time women have developed the ascribed feminine virtues into survival skills and created of them tools for control.<sup>35</sup>

Konur geta því nýtt sér, og hafa eflaust nýtt sér í gegnum árin, kvennadygðirnar sem stjórnunartæki á völd karlsins. Með undirgefnninni hafa þær ákveðin völd.

Fórnfýsi og sjálfsfórn voru ekki talin með dygðum grísku heimspekinganna og það var ekki fyrr en á 17. og 18. öld sem þessi hugtök koma inn í siðfræðilega umræðu. Líklega tengist þetta kristninni, það er að sjónarhornið beinist að fórninni og undirgefnninni við Drottinn. Í kristnu samfélagi skiptir hlýðnin við Drottinn miklu máli og taldist það mikil dygð að lifa í undirgefni við hann.<sup>36</sup> Í feðraveldinu varð fórnfýsi þó að sérstakri kvennadygð, sem er skrýtið í ljósi þess að það hlýtur að vera jafn mikilvægt fyrir karlana að sýna undirgefni, hlýðni og lítillæti. Líf kvenna einkenndist af fórnarlund, bæði hvað varðar eiginmann og börn, sem og þau störf sem þær inntu af hendi og tengdust vel flest einhverskonar ummönnun eða umhyggju. Auðvitað voru þessar „kvennadygðir“ samfélaginu öllu til heilla og samfélagsleg ábyrgð allra, en það var kvennanna að sinna þessum þætti. Eflaust voru margar konur sem höfðu engan áhuga á að sinna fátækrahjálp og hjúkra sjúkum, auk þess að sinna börnum og

<sup>34</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 69.

<sup>35</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 70.

<sup>36</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 71.

eiginmanni, en þær höfðu ekkert val. Þetta var þeirra „dygð“ og ef kona bjó ekki að þessum kostum var eitthvað að, hún hafði þá ekkert, var álitin skrýtin og átti sér engan stað í lífinu, ekkert hlutverk. Ekki nóg með að vera í andstöðu við ríkjandi hugmyndir samfélagsins, voru þær kristnu konur líka að ganga á móti „köllun“ sinni frammi fyrir Guði. Ganga á móti sínum kristnu gildum og uppeldi. Í upphafi tuttugustu aldar reyndu konur að brjótast út úr þessu mynstri, en það var erfiðara en að segja það, þar sem samfélagið allt, bæði konur og karlar, litu á það sem „köllun“ konunnar að sinna kvennadygðunum. „Köllun“ konunnar er hugtak sem betur verður farið í síðar í ritgerðinni en kvennadygð og köllun konunnar haldast í hendur hvað varðar réttindabaráttu kvenna og þá togstreitu sem myndaðist hjá konum við upphaf baráttu þeirra fyrir auknum réttindum.

Fórnfýsin er ekki eitthvað sem öll fjölskyldan tekur þátt í sameiginlega, heldur er hún greinilegt hlutverk eiginkonunnar og móðurinnar. Það er ætlast til þess af konunni að fórna sér fyrir fjölskylduna. Það er hennar aðalhlutverk.

...the perceived conflict of interest between men and children, on the one hand, and women, on the other, has been resolved in favor of men and children to such an extent that self-sacrifice and altruism are feminine. The possibility of ethics in this case seems to rest on the willingness of women to devote themselves to men and children by acquiescing to male authority and by bearing and being responsible for children whether or not they choose to.<sup>37</sup>

Ef hagsmunir konu og barna eða eiginmanns rekast á þá er ætlast til þess að það sé konan sem víki eða láti sína hagsmuni lúta í lægra haldi.<sup>38</sup>

Kvennadygðirnar þurfa samt ekki bara að vera konum byrði, heldur geta líka verið þeim til uppdráttar. Hoagland segir þetta tengjast sjálfsbjargarviðleitni, sem er kannski ekki endilega til komin af góðu. Konur hafa stundum verið taldar hafa siðferðilega yfirburði yfir körlum og hefur það verið notað sem rök við ýmis tilefni, til dæmis þegar konur stigu sín fyrstu skref í stjórnálgunum,<sup>39</sup> en farið verður betur í það síðar í ritgerðinni. Ég tel það mikilvægt að einblína ekki um of á eiginleika konunnar sem fórnfúsar sem slæman eiginleika eða konunni til miska. Ég tel þvert á móti að það að geta borið umhyggju og vera tilbúin að fórna ýmsu (þó ekki sjálfri sér) fyrir það sem hugsanlega getur talist mikilvægara verkefni sé stór kostur, mikil dygð. Dygð sem allir ættu að taka upp, ekki bara konur. Það felst ekki endilega í orðinu fórnfýsi að fórna sjálfum sér fyrir aðra, heldur vera tilbúin að fórna ýmsu, að eigin vali, það sem hver og einn telur mikilvægast hverju sinni. Það að vera fórnfús er þó

<sup>37</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 75.

<sup>38</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 75.

<sup>39</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 83.

engan veginn sérstakur eiginleiki kvenna. Þetta hlýtur að vera eiginleiki sumra, þá bæði karla og kvenna, en alls ekki allra.

Í skrifum Hoagland kemur fram að kvennadygðirnar fórnfýsi og sjálfsfórn geta verið konum til mikilla trafala. Konur hafi þróað með sér ákveðna sjálfsbjargarviðleytni með fórnfýsinni, eins og áður var komið inn á, en þetta sé þeim ekki endilega eiginleg dygð. Fórnfýsin er þá mikilvæg konunni hvað varðar að öðlast viðurkenningu þess sem hefur meiri völd, sem í flestum tilfellum hefur verið karlinn.<sup>40</sup> Hugsanlega hafa konur séð hag sinn í því að vera karlinum undirgefnar og reyna að þóknast honum með fórnfýsi, skilningi, samúð og því að vera honum innan handar – allt til þess eins að hann „velji“ hana sem eiginkonu og verðandi móður barna sinna. Þar sem hjónabandið og að sjá um börn og heimili hefur verið „köllun“ konunnar hefur það að reyna að koma sér í sem best hjónaband verið eins og að sækja um bestu vinnuna. Heimilið var í langflestum tilfellum vinnustaður konunnar og því margt á sig leggjandi til að fá þá „vinnu“ sem þær helst vildu með því að sýna sem mesta „hæfileika“ eða bestu „eiginleika“ sem „góð“ húsmóðir.

Hugtakið sjálfsfórn, það er að fórna eigin hagsmunum, hefur verið talið til kvæðlis í sinni hreinustu mynd. Aðeins ef kona býr að þeirri dygð er hún sönn kona. Þetta hefur konum verið kennt, eitthvað sem þær hafa verið kúgaðar með. Konur hafa því fórnað sér af því að það er þeim „í hag“.<sup>41</sup> Til þess að vera ekki hin kúgaða kona sem fórnar sjálfri sér og er jafnvel föst í ofbeldisfullum aðstæðum, er þá nauðsynlegt að vera sjálfseisk? Þetta tvennt er engan veginn tengt að mínu mati. Það að hugsa um sjálfan sig og setja sjálfan sig í fyrsta sæti verður til þess að við eigum auðveldara með að hjálpa öðrum og vera öðrum innan handar. Aðeins ef við elskum okkur sjálf, getum við elskað aðra. Þetta er ekki svart eða hvítt. Það að við hugsum um velferð annarra þýðir ekki að við séum að fórna okkur sjálfum og það að hugsa um sjálfan sig þarf ekki að þýða að við hugsum ekki um aðra. Svo einfalt er það. Eins og áður kom fram þá erum við ekki alltaf að fórna einhverju. Við erum að taka ákvarðanir og oft eru ákvarðanirnar byggðar á því hvernig við forgangsroðum. Við erum ekkert alltaf að fórna okkur sjálfum þó svo við veljum að hjálpa öðrum. Hér skiptir orðið „veljum“ miklu máli. Hér er það frelsið til að taka réttar, eða þá rangar, ákvarðanir, sem skiptir máli og tengist dygðugri hugsun og hugtakinu hyggni, getunni til að greina á milli réttar og rangrar breytni. Það er eðlilegt að þurfa að velja á milli mikilvægra hluta í sífellu og það þarf ekki að felast nein sérstök fórn í því. Val og fórn er ekki það sama. Það er ástæða fyrir þeim ákvörðunum

---

<sup>40</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 84.

<sup>41</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 87.

sem við tökum, á meðan ákvörðunin er frjáls en ekki gerð í kúguðu umhverfi valdaójafnvægis.

Hoagland bendir á hugtakið sköpun í þessu samhengi. Það gæti verið áhugavert að hugsa um val sem sköpun, það er þegar við veljum eitthvað fram yfir annað, erum við ekki að fórna neinu heldur skapa.<sup>42</sup> Til dæmis gætum við valið að hjálpa vini okkar sem þarf að flytja í staðinn fyrir að mæta í hot-yoga tímum sem hefur kostað fúlgur fjár. Þar með erum við að skapa betri aðstæður fyrir vin okkar og jafnvel styrkja vinaböndin í staðinn fyrir að fara í líkamsræktina, sem gerir okkur þó líka gott. Hér skiptir þó öllu máli að þetta er frjálst val.

Það sem skiptir kannski einna mestu máli hvað varðar konur og fórnfýsi eða sjálfsfórn er að þó svo kona hafi getu til einhvers, eins og til dæmis að eignast börn, þá þýðir það ekki að það sé það sem hún velur að gera eða vill gera. Jafn mikilvægur hlutur og að eignast barn á að vera val. Það er ekkert endilega allra að gera það sama. Á meðan við höfum valið er allt miklu auðveldara. Ekki það að valið sé endilega auðvelt, en það er okkar.<sup>43</sup>

### 2.3. „...en þeirra er kærleikurinn mestur.“<sup>44</sup>

Kærleikurinn, agape, er þekkt hugtak innan kristninnar en Barbara Hilkert Andolsen gerir hugtakinu góð skil í grein sinni *Agape in Feminist Ethic*. Kærleikur af þessu tagi tengist sjálfsfórninni og er fyrirmyndin Kristur á krossinum. Um leið tengist hugtakið einnig konunni þar sem sjálfsfórn er talin til kvennadygða. Innan kristninnar er sjálfsástin, eros, andstæðan við kærleikann og talin ókristileg. Kærleikurinn er sú ást sem beinist að Drottinni og náunganum og er þar með kristileg. Kærleikurinn snýst um að fórna sjálfum sér fyrir aðra með óeigingjörnum hætti og snýst aðeins um aðra en mann sjálfan. Með kærleikanum eigum við að vera tilbúin að fórna okkur sjálfum vegna elsku okkar á Guði og þar með elsku okkar á náunganum.<sup>45</sup>

Kærleikurinn hefur verið mjög sterkur innan kristinnar mótmælendasiðfræði og á túlkun sína feðraveldinu að þakka. Konur tóku ekki þátt í mótun þessa hugtaks eða umræðum um það fyrr en á síðari hluta tuttugustu aldar og hefur hugtakið verið gagnrýnt fyrir að sýna aðeins reynslu karlmannsins af ástinni og kærleikanum. Eins er farið með kærleikann og umhyggjuna, eins og áður var talað um í þessari ritgerð, en konur og karlar hafa upplifað kærleikann og umhyggjuna nokkuð ólíkt. Andolsen segir að konur hafi tilhneigingu til að gefa öðrum svo mikið af sjálfri sér að þær týni sér og að þær geti á köflum lifað svo mikið fyrir

<sup>42</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 93.

<sup>43</sup> Hoagland, Sarah Lucia. 1988, s. 94-97.

<sup>44</sup> Biblían, heilög ritning. 1. Korintubríf, 13. kafli.

<sup>45</sup> Andolsen, Barbara Hilkert. 1994, s. 146-150.

aðra að það hafi hreinlega eyðileggjandi áhrif á líf þeirra. Vegna þessa hafa konurnar litla sem enga sjálfsmynd og þekkja sjálfa sig lítið sem ekkert.<sup>46</sup>

Eins og áður hefur verið minnst á var staða konunnar, og er að einhverju leyti ennþá, inni á heimilinu og þar tengist allt siðferði því að gefa af sér. Andolsen segir að það sé því engin tilviljun að konur hafi tekið siðfræði sjálfsfórnarinnar svona nærri sér.<sup>47</sup> Hlutverk konunnar og allt hennar starf hefur snúist um að sjá um aðra en sjálfa sig, fórna sjálfri sér fyrir heimili og börn. Það að gefa af sjálfri sér er hluti af starfslýsingu húsmóðurinnar og því kannski ekki skrytið að sumar konur gangi of langt í því hlutverki. Flest viljum við jú standa okkur vel í því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Hjá konunni hefur því einkalífið, innra lífið, og ytra lífið blandast saman og allt snýst það um að gefa af sér. Karlinn hefur meiri fjölbreytni hvað þetta varðar. Einkalífið snýst um að gefa fjölskyldunni ást og umhyggju ásamt öllum þeim skyldum sem á fjölskyldufedeðrum hvílir, en ytra lífið snýst um rökhyggju og ákveðni og yfirleitt er kærleikurinn eða umhyggjan þar ekki í fyrsta sæti. Andolsen segir:

With industrialization the home and the workplace have become separated. One set of values including service and self-sacrifice are said to govern action within the home; another set, including rationality and assertiveness, to govern the workplace. Since women are identified primarily with the home, they become the persons called to a life of perpetual self-giving.<sup>48</sup>

Lausnin hlýtur að liggja í því að kærleikurinn eigi ekki aðeins að gilda inni á heimilinu, þar sem konan hefur frekar ráðið ríkjum í gegnum árin. Kærleikurinn á að ríkja í öllu samfélaginu, bæði hjá konum og körlum. Enn og aftur virðist lausnin liggja í náungakærleikanum og virðingu allra. Þetta tvennt getur ekki aðeins talist til kvennadygða, heldur alheimsdygða, sem er jafn mikilvæg öllum, allsstaðar. Eins og Nodding kom inn á í umhyggjusiðferðinu, þá snýst umhyggjan ekkert síður um að þiggja en gefa. Öðruvísi virkar hún ekki sem skyldi. Eins er farið með kærleikann. Kristinn kærleikur ætti að snúast um að gefa og þiggja og á að virka í báðar áttir, eða helst allar áttir. Kærleikurinn sést kannski einna best í sönnum vinskapa þar sem báðir aðilar vinna jafn mikið í sambandinu.<sup>49</sup>

Í þessum kafla höfum við talað um dygðir sem frekar hafa verið taldar til kvennadygða. Umhyggja, fórnfýsi, sjálfsfórn, varnarleysi/umkomuleysi og kærleikur, allt eru þetta dygðir eða eiginleikar sem taldir hafa verið konunum til upphefðar í gegnum tíðina. Við

<sup>46</sup> Andolsen, Barbara Hilkert. 1994, s. 150-151.

<sup>47</sup> Andolsen, Barbara Hilkert. 1994, s. 152.

<sup>48</sup> Andolsen, Barbara Hilkert. 1994, s. 152.

<sup>49</sup> Andolsen, Barbara Hilkert. 1994, s. 154-155.

upphaf réttindabaráttu kvenna á Íslandi um aldamótin 1900 gátu þessar dygðir verið hálfgerðir dragbítar á konur. Ekki bara af því að karlar litu svo á að konan ætti að vera heima og sinna börnum og búi með öllum þeirra kvennadygðum, heldur líka af því að konurnar sjálfar voru þess fullvissar að þetta væri þeirra hlutverk. Samfélagið allt var gegnsósa af þessum hugmyndum.

Köllun kvenna er annað hugtak sem gegnir stóru hlutverki í kvennabaráttu tuttugustu aldar. Dygðir og köllun kvenna haldast í hendur hvað varðar hlutverk konunnar í samfélaginu og allar konur virðast hafa átt að eiga sér sömu köllun í lífinu og búa að sömu dygðum. Fyrstu skref kvenna frá heimilinu hafa því eflaust verið þung skref í bland við léttan stíganda þar sem togstreita hefur án efa stundum skapast á milli fyrirfram gefinnar köllunar í lífinu og drauma og væntinga.

### **3. Köllun kvenna og kvennabarátta.**

Köllun er hugtak sem eflaust margir kannast við. Hugtakið er töluvert notað í dag og þá sem köllun einhvers til einhverra verka eða starfa. Prestar hljóta oft köllun til að sinna sínu starfi, en einnig er oft talað um að listamenn hljóti köllun til að sinna starfi sínu, sem og lækningar og svo mætti áfram telja. Innan lútherskrar guðfræði er mikið talað um köllun, en siðbótamaðurinn Marteinn Lúther (1483-1546) setti fram kenningu um köllun manna og kvenna, sem mótmælendakirkjur hafa stuðst við í starfi sínu í gegnum árin.

Kvennabaráttan á Íslandi hófst í kringum aldamótin 1900 og þá tóku konur sín fyrstu skipulögðu skref í átt að jafnrétti í samfélaginu. Köllun kvenna og kvennadygðir léku stórt hlutverk, eins og áður sagði, í þessari baráttu kvenna, kannski ekki síst hjá konunum sjálfum, sem höfðu verið aldar upp í samfélagi þar sem konan hafði sitt fyrirfram gefna hlutverk í lífinu. Það að stíga út fyrir rammann og takast á við ný, og ekki svo hefðbundin hlutverk, hefur tekið á frumkvöðlana, enda ekki allir tilbúnir fyrir þær miklu breytingar sem fylgdu í kjölfarið. En hvernig var kenning Marteins Lúthers um köllun fólks og til hvaða hlutverka eða starfa voru konur kallaðar? Var þessi hugmynd mikilvæg innan íslensks samfélags í upphafi 20. aldar og hvernig þá? Hvaða hlutverki gegndu hugmyndirnar um köllun og dygðir kvenna í baráttu kvenna á Íslandi fyrir jafnrétti?

#### **3.1. Köllun konunnar**

Á 16. öld urðu miklar breytingar innan Vesturkirkjunnar, þar sem ekki var aðeins deilt um guðfræðilegar áherslur og starf kirkjunnar, heldur líka um aðstæður fólks í samfélaginu. Marteinn Lúther var einn helsti frumkvöðull þessarar siðbótar og gagnrýndi hann meðal

annars hlutverk kvenna, bæði í veraldlegum skilningi og kirkjulegum. Arnfríður Guðmundsdóttir fjallar um þetta efni í grein sinni *Lúther og konurnar – Um áhrif siðbótar Marteins Lúthers á líf kvenna*. Hún bendir á að lítið hafi í raun verið rannsakað hvaða afstöðu hann hafði til kvenna og lítið sem ekkert verið skrifað um það efni.<sup>50</sup>

Því er stundum haldið fram að siðbótin hafi aðeins haft slæm áhrif á stöðu og frelsi kvenna, sem nógu bág voru nú fyrir. Konur höfðu vissulega ekki lengur val um að ganga í klaustur, en það hafði verið eini möguleiki konunnar á lífi utan fjölskyldulífs. Í kringum 1930 segir Sigurveig Guðmundsdóttir frá því í æviminningum sínum þegar hún og fjórar aðrar ungar konur ætluðu að ganga í klaustur:

Ein af ástæðunum fyrir því að við, þessar fimm ungu konur, vorum að velta fyrir okkur klausturvist var án efa sú að húsmóðurhlutverkið var ekkert glæsilegt á þessum árum. Þetta var þrældómur, basl og ófrelsi. Konur gátu ekki farið á nein mannamót án eiginmanna vegna umtals. Þá stóð menntuðum konum aðeins tvenns konar stöður til boða – hjúkrun eða kennsla. ... Þar við bættist að það var dýrt að læra og konur höfðu engin fjárráð. Í klaustrunum var þeim séð fyrir menntun. ... Þar við bættist að það var lítið niður á konur sem ekki voru giftar. Sjálf sá ég fyrir mér að ég yrði ógift kennslukona og ég hafði séð mörg dæmi þess hvað þær voru oft einmana og áttu oft í fjárhagserfiðleikum.<sup>51</sup>

Þrátt fyrir þetta er talið að með siðbótinni hafi konur öðlast meira frelsi, sem svo minnkaði reyndar með tilkomu nýrra kirkjuhópa. Með siðbótinni breyttist líka hjónabandsskilningurinn til hins betra fyrir konuna, þar sem hlutverk kvenna sem mæður og eiginkonur hlaut meira vægi og jákvæðari merkingu en áður hafði tíðkast.<sup>52</sup> Engu að síður breytir það ekki því að konur stóðu ekki jafnfætis eiginmönnunum. Þær höfðu ekki jöfn réttindi og ekkert val. Karlar gátu valið um starfsvettvang, þó svo þeir hefðu vissum skyldum að gegna. Konur urðu annað hvort húsmæður eða vinnukonur. Að mörgu leyti var þetta sama starfið.

Lúther gagnrýndi harkalega vígsluskilning Rómarkirkjunnar og setti fram kenningu um hinn almenna prestdóm, en þetta átti eftir að hafa miklar breytingar í för með sér hvað varðar jafnrétti. Hinn almenni prestdómur gengur út á það að með skírinni öðlist fólk hina raunverulegu prestsvígslu. Þetta þýðir að aðgreiningu í veraldlega og andlega stétt var hafnað. Þetta hafði áhrif á viðhorf fólks til allra starfa, en kenningin hafði líka mikla þýðingu fyrir baráttu kvenna fyrir auknum réttindum.<sup>53</sup>

<sup>50</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 15-16.

<sup>51</sup> Ingbjörg Sólrún Gísladóttir. 1991, s. 160.

<sup>52</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 15-16.

<sup>53</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 17.



Vissulega hefur kvenfyrirlitning verið til staðar innan kirkjunnar þrátt fyrir jákvætt viðhorf Krists til kvenna, innan guðspjallanna. Guðfræðingar hafa mikið rætt um konur í gegnum tíðina og ýmsar misgáfulegar vangaveltur spröttið fram, til að mynda hvort konur hafi sál og hvort konan getið talist „eðlileg“ eða hvort hún sé hreint út sagt afbrigðileg. Það er engum blöðum um það að fletta að konan hefur verið sett skör lægra en karlinn og er Lúther þar engin undantekning. Hins vegar sagði Lúther líka margt jákvætt um konur og taldi hann konuna meðal annars vera góða sköpun Guðs og upphaflega hafi hún verið sköpuð jöfn karlinum. Með syndafallinu breyttist þetta jafnræði að hans mati og var konunni refsað með því að fæða börn sín framvegis með þraut og vera karlinum undirgefin.<sup>54</sup>

Þær kenningar sem Lúther setti fram, leiddu meðal annars til breytts hjónabandsskilnings, konunni til handa. Hjónabandið var ennþá nauðsynlegt og ekki valkostur, að mati Lúthers, en það var ekki lengur sakramenti. Þar sem Lúther hafnaði aðgreiningu í andlegar og veraldlegar stéttir þá færði meydómur konu hana ekki lengur nær Guði og veraldleg störf, eins og til dæmis að sinna öldruðum og ala upp börn, voru ekkert síður Guði þóknanleg. Lúther hafnaði einlífi presta og með því tóku prestar að giftast, sem leiddi til þess að til varð stétt prestsfrúa. Þessar konur sáu um stór heimili og mörg og mikilvæg störf, sem eflaust hafa gefið þeim meiri völd en ella. Ekki má gleyma því að Lúther lagði mikla áherslu á menntun almennings, ekki bara drengja eða karla, heldur líka kvenna, þar sem honum þótti mikilvægt að allir gætu lesið Guðs orð.<sup>55</sup>

Eins og áður kom fram taldi Lúther hjónabandið mjög mikilvægt og hluta af skikkan skaparans. Hann benti á að hjónabandið sem slíkt hefði verið til frá upphafi og að hjónabandið mætti ekki slíta í sundur. Hann taldi einnig að hjónaband allra væri jafn mikilvægt, sama hvort um væri að ræða vantrúaða eða trúaða. Lúther taldi það að lifa einlífi ekki geta verið köllun Guðs, heldur væri hver og einn maður kallaður til sinna verka og öll heiðarleg störf væru Guði þóknanleg. Merkilegt er að þrátt fyrir að Lúther hafi haft mjög hefðbundnar hugmyndir um hlutverk konunnar sem eiginkonu og móður, þá fannst honum mikilvægt að karlar tækju þátt í umönnun barna sinna, sem og hinum ýmsu húsverkum. Heimildir sýna að Lúther bar mikla virðingu fyrir konu sinni og þeim hlutverkum sem hún sinnti.<sup>56</sup> Þrátt fyrir það sem áður er sagt um kenningar Lúthers var hann í mótsögn við sjálfan sig. Konur og karlar áttu að vera jöfn samkvæmt kenningum hans – en eingöngu innan kenningarinnar.

---

<sup>54</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 20-21.

<sup>55</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 17-22.

<sup>56</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 23-28.

Í ritinu *Um frelsi kristins manns* (1520), fjallar Lúther um hinn almenna prestsdóm og telur hann að hlutverk allra manna sé að bera Kristi vitni með lífi sínu og biðja fyrir öðrum. Náungakærleikurinn gegnir hér, enn og aftur, höfuðmáli. Þessi kenning Lúthers hefur, eins og áður sagði, haft mikil áhrif á stöðu konunnar og heimildir sýna meðal annars að innan sumra lútherskra kirkna máttu konur kenna. Þáttur kvenna og karla var jafn frammi fyrir Guði innan hins almenna prestsdóms, en Lúther gekk þó aldrei það langt að leyfa konum að gegna prestsþjónustu. Kenningar hans eru fullar af mótsögnum um raunverulegt jafnrétti kynjanna. Þáttur kvenna var vissulega helst að lesa og læra *Biblíuna* og taka þátt í guðsþjónustum. Það er athyglisvert að á Íslandi máttu konur ekki taka fullan þátt í guðsþjónustum fyrr en undir lok 19. aldar. Það var því langt í land fyrir konur þrátt fyrir þessi hænuskref í átt að jafnrétti.<sup>57</sup>

Kenning Lúthers um köllun kvenna tengdist kenningunni um hinn almenna prestsdóm. Kenningin fólst í því að hver og einn maður átti sér köllun, en köllun konunnar var innan veggja heimilisins. Að vera móðir, dóttir, eiginkona eða vinnukona, allt voru þetta mikilvæg hlutverk og alls ekki síður mikilvæg en hvað annað. Hver og einn maður átti að njóta virðingar fyrir starf sitt, þó svo auðvitað væri karlmaðurinn höfuð fjölskyldunnar. Köllunin var mjög mikilvæg í samfélaginu og við aldamótin 1900, þegar konur voru að hefja baráttu sína fyrir jafnrétti, voru þær á sama tíma mjög uppteknar af köllun sinni, enda var samfélagið allt alið upp í þeirri kenningu. Trúin var því mjög samfléttuð réttindabaráttu kvenna og margar helstu baráttukonur kvenréttinda sóttu innblástur í lútherska trú, þar á meðal þá kenningu að kynin væru jöfn.<sup>58</sup> Þessi kenning, sem og mikilvægi kvennadygða, voru efni sem mikið voru rædd í tengslum við kvennabaráttuna, bæði af körlum og konum. Í grein Kristínar Ástgeirsdóttur um trúarleg viðhorf hjá þingkonunum Ingibjörgu H. Bjarnason og Guðrúnu Lárusdóttur koma skoðanir Guðrúnar vel í ljós hvað þessi málefni varðar í aðdraganda alþingiskosninganna 1926. Guðrún taldi að konan nyti sín best á heimilinu, því þar gæti hún verið hlýðin köllun sinni.<sup>59</sup>

Hér nemum vér þá staðar andspænis hinni helgustu köllun konunnar. Móðernið á lang-dýpstu tókin í sérhverju konuhjarta, er ríkasti og öflugasti þátturinn í sálarlífi hennar. Þannig er umbúið frá hendi skaparans. Hjá vöggunni er altari konunnar.<sup>60</sup>

Þessi orð hafa án efa vegið þungt innan kvennabaráttunnar og gefið konum tóninn.

<sup>57</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009, s. 31-33.

<sup>58</sup> Kristín Ástgeirsdóttir. 2009b, s. 107-198.

<sup>59</sup> Kristín Ástgeirsdóttir. 2009a, s. 248.

<sup>60</sup> Kristín Ástgeirsdóttir. 2009a, s. 248.

### 3.2. Konur, jafnrétti og kristin trú

Eins og Kristín Ástgeirsdóttir bendir á í grein sinni *Í anda kristilegs kærleika – Kristni og kvennahreyfingar á Íslandi 1875-1930*, ríkti kristinn hugmyndaheimur og hann hafði mótandi áhrif á samfélagið. Norrænar konur voru mótaðar af ríkjandi hugmynd um konuna, hlutverk hennar og störf, en allt tengdist þetta köllun kvenna, kenningu Lúthers. Með þetta að leiðarljósi er auðveldara að átta sig á þeim miklu þversögnum sem áttu sér stað bæði í skrifum kvenna á þessum tíma og þankagangi, þar sem tveir andstæðir pólar togast á. Annars vegar höfðu konur fullan rétt á við karlinn og máttu þess vegna halda út í hinn stóra heim á vit ævintýra til að beita sér þar. Hins vegar þótti mjög mikilvægt að konur misstu ekki sjónar á meginhlutverki sínu í lífinu, köllun sinni, og töldu mjög margir að konur ættu að sinna áfram því hlutverki sem þeim var ætlað, að vera eiginkonur, mæður og húsfreyjur. Mikil togstreita átti sér því stað í hugum kvenna um hefðbundið hlutverk sitt, sem tengdist þeim kristnu hugmyndum um hlutverk kvenna sem þær höfðu alist upp við, og svo hinu nýja réttindatímabili kvenna sem var að hefja sig til flugs.<sup>61</sup> Einhverra hluta vegna virtist sá möguleiki ekki fyrir hendi hjá konum að sinna báðum hlutverkum, það er sem eiginkonur og mæður annars vegar og hins vegar sem opinberir starfsmenn. Ef þær ætluðu að sinna einu vel gekk ekki upp að sinna hinu líka. Hér urðu þær að velja á milli, en höfðu líkast til ekki mikið val, að minnsta kosti ekki ef þær vildu ekki ganga gegn öllum þeim gildum sem þær höfðu alist upp við. Þetta var ekki aðeins réttindamál heldur líka tilfinningamál, þar sem konur veltu fyrir sér þeim áhrifum sem þetta hefði á þær sjálfar sem og fjölskyldur þeirra.

Í bókinni *Hinn sanni Íslendingur – Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*, fjallar Sigríður Matthíasdóttir til að mynda um þjóðfrelsi, kvenfrelsi og eðli kvenna. Þar útskýrir hún hvernig undirokun kvenna virðist hafa flust úr gamla samfélaginu yfir í hið nýja samfélag lýðræðis. Hugmyndir fólks um kvenleika, eins og til dæmis um eðli konunnar sem þjónandi, nærandi og hógvært, höfðu ekki alveg náð fótfestu í íslensku samfélagi á síðari hluta nítjándu aldar og upphafsárum tuttugustu aldar. Hugmyndir um konuna festust ekki almennilega í sessi fyrr en á þriðja áratugnum. Þarna var konan „loks“ fullkomlega tengd heimilinu og móðurhlutverkinu. Eins og gefur að skilja var þetta í fullkominni andstöðu við þær hugmyndir sem voru að riðja sér til rúms með hugmyndafræði kvenréttindastefnunnar, sem blómstraði á þessum sama tíma. Konur höfðu væntingar um að fá að taka þátt í framförum þessara ára og öðlast meira sjálfstæði og meiri völd.<sup>62</sup> Þessar óskir kvenna áttu eftir að taka meira á taugarnar en eflaust margar konur gerðu sér grein fyrir í upphafi.

<sup>61</sup> Kristín Ástgeirsdóttir. 2009a, s. 107-108.

<sup>62</sup> Sigríður Matthíasdóttir. 2004, s. 179.

Eins og áður var komið inn á einkenndust umræður síðustu áratuga nítjándu aldar og fyrstu áratugir þeirrar tuttugustu, af umræðum og jafnvel deilum, um hvernig staða kvenna í samfélaginu, eðli þeirra og hlutverk væri túlkað.<sup>63</sup> Í raun var þetta nokkurs konar tillaga um það hvernig konur „ættu að haga sér“. Fyrst og fremst skipti máli að þær sinntu köllun sinni inni á heimilinu vel. Hins vegar kallaði nútímasamfélagið á breyttan hugsanahátt þar sem réttur hvers og eins til frelsis, jafnréttis, sjálfstjórnar, sem og að láta til sín taka skipti máli, sama hvort það væri í tengslum við konur eða karla. Bæði kynin voru jöfn.<sup>64</sup>

Konur hafa eflaust háð mikið sálarstríð hvað varðar köllun sína, eða drauma, það er ef köllunin og draumarnir samræmdust ekki. Uppeldi kvenna hefur skipt hér miklu máli. Konur ólust upp við að þær ættu að sinna ákveðinni köllun. Konur áttu að gifta sig og sjá um börn og heimili, ef þær gerðu það ekki var líka í lagi að þær sinntu foreldrum eða öðrum ættingjum sem þurftu umönnun. Þær áttu allavega að helga líf sitt umönnun í einhverju formi. Draumar þeirra voru svo kannski allt aðrir og gjörsamlega ótengdir því að helga líf sitt því að hugsa um aðra. Það er vel hægt að ímynda sér þá togstreitu sem konur hafa þurft að glíma við í þessu sambandi. Áttu þær að ganga á móti köllun sinni og jafnvel heiðri innan fjölskyldunnar, sem þeim þótti hugsanlega mjög vænt um, til að elta drauma sína. Það þyrftu þær eflaust að gera alveg á eigin vegum, húsnæðis-, peninga- og fjölskyldulausar. Þær voru þá ekki bara að bregðast veraldlegum skyldum sínum, heldur einnig andlegum skyldum, sem Guð hafði kallað þær til.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir greinir vel frá þessu efni í grein sinni *Fjötrar ástar og skyldu*. Hún fjallar um viðhorf til hlutverks og eðlis kvenna, þá sérstaklega til ógifta og barnlausra kvenna, um aldamótin 1900. Hún talar meðal annars um að ætla mætti að ógiftar konur hefðu lifað fremur sjálfstæðu lífi, en svo virðist alls ekki vera. Fæstar bjuggu einar og flestar virðast hafa helgað líf sitt öðru fólki og umönnun. Oft á tíðum sáu þær um aldraða foreldra, veika ættingja eða hjálpuðu til á stórum heimilum. Sigríður bendir á að í minningagreinum, sem hún notaði við rannsóknir sínar, hafi ógiftu konunum oft meðal annars verið hrósað fyrir þjónustulund og fórnfýsi: „...gjarnan er lögð áhersla á að þær hafi fengið útrás fyrir móðureðlið með umönnun fóstubarna, frændbarna, nemenda og svo mætti lengi telja...“<sup>65</sup>. Þetta sýnir glögglega hversu mikilvægt móðurhlutverkið taldist í lífi kvenna. Það var engin kona með konum, nema hafa fætt barn eða sinnt móðureðlinu á annan hátt, ef

<sup>63</sup> Sigríður Matthíasdóttir. 2004, s. 180.

<sup>64</sup> Sigríður Matthíasdóttir. 2004, s. 180.

<sup>65</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir. 2004, s. 115.

móðurhlutverkið gekk ekki upp einhverja hluta vegna. Köllun konunnar var að verða móðir. Sigríður heldur áfram og segir:

Ef konur giftust hættu þær oftast að vinna úti. Það er því ekki útilokað að konur sem eytt höfðu tíma og fé í menntun myndu þær þurfa að velja á milli starfsframa og hjónabands. Starfið var þeim mörgum hverjum köllun, um það má finna mörg dæmi í heimildum, bæði hjá kennurum, ljósmæðrum og hjúkrunarkonum. En hér er auðvitað verið að tala um þær betur settu, þær sem áttu eitthvert val um örlög sín.<sup>66</sup>

Eitthvað hefur hindrað konurnar í því að velja starfsframann og líklega hafa þar nokkrir þættir gegnt stóru hlutverki.

Tilfinningamál hafa eflaust skipt hvað mestu máli hvað varðar að konur eltu ekki drauma sína um starfsframa, þetta hafði ekki bara áhrif á þær, heldur líka þá sem þeim þótti vænt um eða skiptu þær einhverju máli. Sigríður K. Þorgrímsdóttir veltir því fyrir sér hverjir raunverulegu fjötrarnir hafi verið, en það voru engin lög eða reglur sem bönnuðu konum að vinna úti eða lifa sjálfstæðu lífi. Laun kvenna voru mjög lág og hafa eflaust ekki dugað til að sjá konum farborða, jafnvel þótt einar væru. Úrræði varðandi umönnun aldraðra er svo önnur skýring, þar sem margar gátu eflaust ekki hugsað sér að láta aldraða foreldra sína eða aðra ættingja afskiptalaus á vetri lífsins. Svo er líka spurning hvort konur hafi yfir höfuð viljað lifa sjálfstæðu lífi.

Í stuttu máli má segja að niðurstaða mín hafi verið sú að ógiftu konurnar hafi haldið því fram að staður kvenna væri á heimilinu sem gift kona, húsmóðir og móðir, þrátt fyrir að þeirra eigin lífsstaða hafi talað þvert gegn þeirri skoðun. Þær reyndu að laga líf sitt að hinni hefðbundnu ímynd, með því að halda heimili fyrir aðra og annast um börn og aldraða.<sup>67</sup>

Það lítur því út fyrir að konunum sjálfum, hafi þótt mikilvægt að sinna köllun sinni í lífinu og gleyma ekki því eðli sem bjó innra með þeim öllum. Þessi hugmyndafræði um köllun konunnar hefur eflaust verið aðalástæðan fyrir því að konur fórnðu sér fyrir fjölskyldur sínar í stað þess að elta drauma sína, án þess að þær gerðu sér grein fyrir því.

Hvað varðar fyrstu skref kvenna fyrir auknum réttindum sínum tengdust þessir áður nefndu þættir um köllun kvenna, dygðir þeirra og eðli, baráttunni órjúfanlegum böndum. Sigríður Matthíasdóttir bendir á í bókinni *Hinn sannri Íslendingur* að íslenskar kvenréttindakonur hafi beitt fyrir sig tveimur andstæðum rökum í kvenréttindabaráttu sinni,

<sup>66</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir. 2004, s. 116.

<sup>67</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir. 2004, s. 120.

en það eru jafnræðisrök og siðferðisleg sérstöðurök, sem byggðu á sérstöðu kvenna sem umhyggjusamra einstaklinga.<sup>68</sup>

Í kringum 1911-1912, þegar konur voru á barmi þess að hljóta full borgaraleg réttindi fór líka að bera á andstöðu við það að skilgreina konuna sem siðferðisveru og á sama tíma pólitíska einstaklinga. Það virtist ríkjandi hugmynd í samfélaginu að konur gætu á engan hátt sameinað hlutverk sitt á heimilinu og opinber störf. Köllun konunnar var að vera heima og hún átti ekkert að vera að flækjast í nein störf þar fyrir utan. Það var meira að segja umræða um það hvort konur hefðu yfir höfuð það sem til þurfti til að sinna störfum utan heimilis, þar sem þær voru ekki hugsandi, rökvísir og framtakssamir einstaklingar, það er þær voru ekki karlar. Þar sem eðli þeirra var ólíkt karlanna áttu þær að sinna allt öðrum hlutverkum en karlinn. Köllun konunnar og allir hennar hæfileika snéru að móðureðlinu og því áttu konurnar að sinna af fullum krafti.<sup>69</sup>

Konur nýttu sér köllun sína til að rökstyðja nauðsyn þess að þær tækju þátt í opinberum málum. Þær vildu sýna fram á að móðureðlið og hæfileikarnir sem fylgdu því væru nauðsynlegir innan opinberra mála og vildu þær að þetta eðli sitt yrði meiri áhrifavaldur í opinberu lífi. Umræður um þessa þátttöku kvenna gekk svo langt á köflum að greinar voru skrifaðar um hvernig opinber störf og bóknám spilltu kvenlegu útliti, svo til varð hálf kynlaus vera, hvorki kona né maður. Fyrir samfélagið virtist það ómögulegt að konur gætu sinnt móðurhlutverkinu, köllun sinni, og vinnu við opinber störf. Ef konur vildu á annað borð taka þá áhættu að vinna við opinber störf urðu þær að minnsta kosti að gefa móðurhlutverkið upp á bátinn með því að breyta eðli sínu. Kvenréttindakonur voru með öðrum orðum taldar vinna gegn náttúrunni og eðli sínu, þær urðu tilfinningasnauðar og vanræktu börn sín og heimili.<sup>70</sup> Sem betur fer breyttust þessar hugmyndir með tímanum, en konur þurftu þó að ferðast um langan veg áður en það gerðist. Kannski eru þær enn á því ferðalagi.

---

<sup>68</sup> Sigríður Matthíasdóttir. 2004, s. 263.

<sup>69</sup> Sigríður Matthíasdóttir. 2004, s. 263.

<sup>70</sup> Sigríður Matthíasdóttir. 2004, s. 266-274.

## Lokaorð

Hér hefur verið gert grein fyrir dygðasiðfræði, dygðum kvenna, köllun kvenna og kvennabaráttu á Íslandi í kringum aldamótin 1900. Það er mjög áhugavert hvernig kenningar dygðasiðfræðinnar frá 5. öld og kenningar siðbótamannsins Lúthers um köllun kvenna á 16. öld, tengjast baráttu kvenna fyrir auknum réttindum mörgum öldum síðar. Það er engu að síður staðreynd að kenningar um dygðir og köllun kvenna höfðu mikil áhrif á þær hugmyndir sem ríktu í samfélaginu í kringum tuttugustu öldina og hafa jafnvel enn.

Hugtakið dygð eins og við þekkjum það kemur fram á 5. öld og er þá skilgreint sem sú breytni sem fólk reynir að fara eftir til að vera sem ágætast í því sem það tekur sér fyrir hendur. Í upphafi tengdist það aðallega því að vera sem bestur borgari og öðlast sem mesta virðingu í hinu opinbera lífi, oft innan stjórn mála eða dómskerfisins. Dygðir kvenna voru ekkert sérstaklega til umræðu fyrst um sinn, en það má leiða líkum að því að umræður um dygðir á 5. öld hafi að mestu verið beint til karla. Sérstakar kvennadygðir urðu ekki umræðuefni fyrr en mun síðar og tengjast eðli konunnar.

Sú breytni sem sérstaklega hefur verið tengd kvennadygðum eru umhyggja, fórnfýsi, sjálfsfórni, varnarleysi/umkomuleysi og kærleikur. Konur hafa verið þekktar fyrir það að fórna sjálfum sér, oft fyrir börn, eiginmenn eða fjölskylduna og tengjast þessar dygðir allar á einhver hátt heimilinu, starfsvettvangi konunnar í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að konur séu sérstaklega þekktar fyrir þessar dygðir, myndi ég halda að það væri alveg jafn mikilvægt fyrir alla, hvort sem það eru konur, karlar eða börn, að reyna að lifa lífi sínu eftir þessum dygðum. Niðurstaða mín er sú að það sé náungakærleikurinn sem ætti að gilda í öllum tilvikum. Ef allir elskuðu aðra eins og sjálfa sig og kæmu eins fram við alla, værum við nokkuð vel sett hvað dygðugt líferni snertir. Ýmsar kenningar hafa sprottið fram þess efnis hvers vegna talað er um sérstakar kvennadygðir. Í þessu sambandi hefur allt frá sambandi móður og barns til samfélagslegrar hugmyndafræði feðraveldisins og valdaójafnvægis milli karla og kvenna, verið sett fram sem líklegar skýringar. Ég tel líklegt að margir samverkandi þættir hafi verið að verki.

Kenningin um köllun kvenna tengist eðli konunnar alveg eins og dygðirnar. Siðbótamaðurinn Marteinn Lúther setti kenninguna fram á 16. öld í tengslum við hinn almenna prestsdóm og að allir væru jafnir frammi fyrir Guði. Margt hefur verið sagt um þessa kenningu Lúthers, sumt jákvætt og annað ekki eins jákvætt, en það er alveg ljóst að kenningin hafði mikil áhrif innan kristins samfélags og þar er Ísland engin undantekning. Hugmyndir samfélagsins um aldamótin 1900 voru á þann veg að konan væri kölluð til þess að verða

móðir og sinna eiginmanni, börnum og heimili eins og henni var framast unnt. Það virtist ekki auðvelt að breyta mynd samfélagsins af hlutverki konunnar og ég tel það ekki ennþá hafa tekist að fullu, þó svo margir litlir sigrar hafi unnist.

Hvað varðar kvennabaráttuna á Íslandi um aldamótin 1900 í tengslum við hugtökin dygð og köllun kvenna, þá höfðu þau mikil áhrif. Konur áttu erfitt með að brjótast út úr því hlutverki sem þær töldu sig kallaðar til að sinna. Ekki nóg með að þeim finndist þær ganga gegn náttúrulegum máli, heldur var samfélagið ekki tilbúið í þessar breytingar að neinu leyti. Þær konur sem ákváðu að sinna opinberum málum hlutu harða gagnrýni og voru taldar ókvenlegar og hálf ónáttúrulegar. Konur áttu að vera heima og sinna störfum sínum þar, en ekki vera að þvælast á vettvangi karlanna. Samfélagið var haldið þeirri skoðun að alls ekki væri hægt að sinna tveimur verkum, það er konur gátu ekki bæði verið mæður og eiginkonur með öllum þeim skyldum sem því fylgdi og unnið úti á opinberum vettvangi. Þær urðu að minnsta kosti að velja á milli.

Súðavík 19. janúar 2012

---

Margrét Lilja Vilmundardóttir



## Heimildaskrá

- Andolsen, Barbara Hilbert. 1994. *Agape in Feminist Ethics*. Lois K. Daly (ristj.). *Feminist Theological Ethics. A Reader*, s. 146-159. Louisville, Kentucky: Westminster John Knox Press.
- Arnfríður Guðmundsdóttir. 2009. Lúther og konurnar. Um áhrif siðbótar Marteins Lúthers á líf kvenna. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (ritstj.). *Kvennabaráttaog kristin trú*, s. 15-60. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Biblían*. Heilög ritning. Nýja testamentið. 2007. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.
- Devettere, Raymond J. 2002. *Introduction to Virtue Ethics. Insights of the Ancient Greeks*, s. 60-82. Washington, D.C: Georgetown University Press.
- Hoagland, Sarah Lucia. 1988. *Lesbian Ethics. Toward New Value*, s. 69-113. Palo Alto, California: Institute of Lesbian Studies.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. 1991. *Þegar sálin fer á kreik. Minningar Sigurveigar Guðmundsdóttur*. Forlagið, Reykjavík.
- Kristín Ástgeirsdóttir. 2009a. Helgasta köllun konunnar eða asklok á frelsi kvenna? Trúarleg viðhorf hjá þingkonunum Ingibjörgu H. Bjarnason og Guðrúnu Lárusdóttur. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (ritstj.). *Kvennabarátta og kristin trú*, s. 233-264. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Kristín Ástgeirsdóttir. 2009b. Í anda kristilegs kærleika. Kristni og kvennahreyfingar á Íslandi 1875-1930. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (ritstj.). *Kvennabarátta og kristin trú*, s. 107-163. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Noddings, Nel. 1984. *Caring. A Feminine Approach to Ethics & Moral Education*, s. 79-103. Berkeley og Los Angeles, California: University of California Press.
- Sigríður Matthíasdóttir. 2004. *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir. 2004. Fjötrar ástar og skyldu. Irma Erlingsdóttir (ritstj.). *Fléttur II. Kynjafræði kortlagningar*, s. 113-125. Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, Reykjavík.
- Þórdís Þórðardóttir. 2011. Hver er Nel Noddings og hvert er hennar framlag til menntunarfræða? *Vísindavefurinn*. Sótt 2. janúar, 2012, af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=58524>